

inni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar sammings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds og innheimta fer með sama hætti og um fasteignaskatt.

6. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 225 frá 20. desember 1961 um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Breiðdalsvíkurþorpi í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að göturæsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heim-æðar.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast oddviti, eða annar maður, sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema með leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Oddviti annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húseignanna 0,1% samkvæmt núverandi fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 600.00. Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um 50% án samþykkis ráðuneytis.

Tengigjald kr. 3 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 1 000.00 fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 6 000.00.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 5 000.00 nema þyngri refsing liggji við skv. lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveita Breiðdalsvíkur nær yfir og hún getur fullnægt, og einnig til hafnarinnar á Breiðdalsvík.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf vatnsveitunnar svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd, sem kosin er til fjögurra ára í senn af hreppsnefnd. Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitunni annar en sá, sem vatnsveitunefnd felur það starf. Hver, sem vill komast í samband við vatnsveituna, skal senda vatnsveitustjóra skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum að húsvegg og annast allt viðhald þeirra á sinn kostnað.

Oddviti annast reikningshald og fjárreiður vatnsveitunnar.

3. gr.

Skyllt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við bilanir og leka, hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna nema með samþykki vatnsveitustjóra, og þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.